

Alþingi, fjárlaganefnd
Umsagnargátt Alþingis

Ísafirði 7. október 2025

Umsögn um frumvarp til fjárlaga 2026, mál nr 1, 157. löggjafarþing

Umsögn þessi er unnin af Vestfjarðastofu fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga samkvæmt samningi um umsögn með verkefnum sambandsins. Þakkaður er frestur til að skila umsögn.

Umsögn þessi byggir að meginhluta á umsögn Fjórðungssambandsins¹ við þingsályktun nr 11/156 Fjármálaáætlun 2026-2030 og vísast til hennar. Í flestum tilvikum eru ákvæði málavíða fjárlagafrumvarps óbreytt frá fjármálaáætlun, sem og breytingar á ýmsum lögum er tengjast tekjum ríkissjóðs, þingmál nr 2, 157. löggjafarþing.

Forgangsmál.

Afstaða Fjórðungssambandsins gagnvart ákvæðum frumvarps til fjárlaga 2026 og breytinga á lögum er varða tekjur ríkissjóðs árið 2026, byggir á þeirri staðreynd að ríkissjóður er að fá verulega tekjuaukningu með gjaldtöku af fiskeldi, ferðaþjónustu og sjávarútvegi á Vestfjörðum.

Þetta eru lykilatvinnugreinar samfélaga á Vestfjörðum og því fullkomlega eðlileg krafa að þessar tekjur komi til viðbótar framlögum til uppbyggingu innviða og eflingar þjónustu á Vestfjörðum. Ekki síst með tilliti hárrar viðhaldsskuldar sem leitt hefur til mikils ójafnræðis á stöðu innviða og þjónustu á Vestfjörðum miðað við aðra landshluta og nauðsyn að hraða úrbótum á þeim sviðum til að jafna samkeppnisaðstöðu. Samkeppnisstaða sem um langan tíma hefur borið skaða af því að vera ekki hluti af hringvegi 1 og vera ekki hluti af hringtengingu flutningskerfis raforku, Byggðalínu.

Hin hliðin á þessari tekjuaukningu ríkissjóðs eru áhrif á rekstur sveitarfélaga á Vestfjörðum og að stjórnvöld fari ekki að ákvæðum sveitarstjórnarlögum og kanni til hlýtar áhrif á rekstur þeirra áður en ákvarðanir eru teknar.

¹ <https://www.althingi.is/altext/erindi/156/156-1257.pdf> kynningarglæra
<https://www.althingi.is/altext/erindi/156/156-1012.pdf> umsögn

Brýn mál sem Fjórðungsþing Vestfirðinga og Fjórðungssambandið vilja að verði sett strax til úrlausnar á árinu 2026 eru sem hér segir:

- **Áætlunarflug.** Áætlunarflug til Vestfjarða og framtíð þess er nú til umfjöllunar í stjórnarsýslunni. Allar líkur eru á að auka þurfi stuðning ríkisins við áætlunarflug til Vestfjarða og því þarf að vera til staðar heimild í fjárlögum 2026 til að mæta þeirri þörf.
- **Innviðagjald.** Innviðagjald á skemmtiferðaskip og breyting á ákvæðum tolla. 70. Fjórðungsþing Vestfirðinga² ályktar um innviðagjöld. Krafan er að fjárhæð innviðagjalds verði lækkað meira en tillaga frumvarps til fjárlaga 2026 og frumvarps um breytingar á ýmsum lögum varðandi tekjur ríkissjóðs 2026, segja til um og að fyrirkomulag innviðagjalds verði endurskoðað til framtíðar. Neikvæð og alvarleg áhrif á tekjur sveitarfélaga og atvinnulífs hafa þegar komið fram og við því verður að bregðast strax til að minnka skaðann og orðspor íslenskra stjórnvalda
- **Vetrarþjónusta.** Þjónustutíma vetrarþjónustu á Vestfjörðum verði aukinn með tvennum hætti. Milli byggðarlaga á sunnanverðum Vestfjörðum í 7.00 – 22.00 og á stofnleiðum um Steingrímsfjarðarheiði og Klettháls í 8.00 – 19.30. Hér verði aukið fjármagn sett til vetrarþjónustu á sama hátt og tillaga frumvarps til fjárlaga 2026 um aukið verði fjármagn til viðhalds vega.
- **Fiskeldisgjald.** Fiskeldi er alþjóðleg samkeppnisgrein og taka verður mið af þróun hennar hverju sinni. Mikil lækkun hefur orðið á árinu 2025 á mörkuðum með eldislax miðað við árið 2024 eða sem nemur 30 – 50 % í samanburði eftir mánuðum. Veruleg óvissa er síðan með þróun út árið 2025 og árinu 2026 og eins hvað gerist með tollaákvæðanir í Bandaríkjunum. Stjórnvöld í Færeyjum og Noregi hafa lýst áhyggjum af þróun mála og rætt aðgerðir til að mæta þessum breytingum. Fiskeldisgjald var hækkað við afgreiðslu fjárlaga í 4,3% á árinu 2024 og var óbreytt 2025 og stefnt að það verði óbreytt á árinu 2026. Þessi breyting var í ósamræmi við upphafleg ákvæði laga nr 89/2019 (lög um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð) þar var miðað við að fiskeldisgjald næmi 3,5% og kæmi að fullu til álagningar á árinu 2026. Í ljósi aðstæðana fyrir árið 2026 er gerð sú krafa um að fiskeldisgjald verði í samræmi við upphafleg markmið laga um fiskeldisgjald og nemi 3,5% og gjaldtaka verði skoðuð í heildstætt í tengslum við boðaða lagasetningu með lögum um Lagareldi.
- **Verkmenntahús.** Staðið verði við samninga um uppbyggingu verkmenntahúss við Menntaskólann á Ísafirði. Verkefnið hefur frestast um tvö ár þrátt fyrir yfirlýstan vilja stjórnvalda um að ljúka því í samræmi við samninga.
- **Farnet.** Fjármagn til eflingar farnets á stofnvegum. 70. Fjórðungsþing Vestfirðinga³ lýsir miklum vonbrigðum að samkvæmt Fjarskiptastofu⁴ ætli stjórnvöld ekki að standa við samkomulag við fjarskiptafyrirtæki frá 2023 um uppbyggingu farnets og öryggisfarnets á stofnvegum með fjárframlagi til Öryggisfjarskipta ehf / Neyðarlínu. Skorað er á

² Þingskjal 27, Ályktun um innviðagjöld

³ Þingskjal 21, Ályktun um stöðu fjarskiptamála á Vestfjörðum

⁴ <https://www.fjarskiptastofa.is/fjarskiptastofa/tolfraedi-og-gagnasafn/frettasafn/frett/Fr%C3%A9ttir/nidurstada-samrads-um-breytingar-a-tidniheimildum-uppbyggingu-neydar-og-oryggiskerfis-og-farnetssamband-a-stofnvegum>

fjárlaganefnd Alþingis að taka þetta mál til umfjöllunar og að lágmarki tryggja þátttöku Öryggisfjarskipta á árinu 2026 í uppbyggingu brýnustu verkefna á Vestfjörðum.

- **Sóknaráætlanir.** Aukið verði fjármagn til starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga er varðar samninga þeirra við stjórnvöld um sóknaráætlanir, atvinnuráðgjöf og áfangastofur. Aukið fjármagn renni einnig til svæðisbundinnar markaðssetningar ferðaþjónustu.
- **Áhrif samþykktra veiðigjalda.** Veiðigjöld sem ákveðin verða nú undir lok árs 2025, verði vöktuð ítarlega gagnvart rekstri fyrirtækja og áhrif á rekstur sveitarfélaga á Vestfjörðum.
- **Kílómetragjald.** Verði álagning kílómetragjalds og hækkun kolefnisgjalds samþykkt á Alþingi er gerð krafa um að áhrif þessara gjaldtöku verði vöktuð ítarlega gagnvart almenningi og rekstri fyrirtækja á Vestfjörðum.

Ályktanir Fjórðungspings Vestfirðinga

Hér í viðauka er að finna ályktanir 70. Fjórðungspings Vestfirðinga nú á árinu 2025. Tvær ályktanir hér kynntar sérstaklega til að undirstrika bjartsýni með þróun samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum og stuðningi stjórnvalda við þá vegferð, en samtímis er lýst miklum áhyggjum af áhrifum á skattlagningu stjórnvalda á atvinnugreinar landshlutans

Hér er fyrst vísað til nýrrar ályktunar 70. Fjórðungspings Vestfirðinga að vori, frá 2. apríl s.l. þar sem segir.

70. Fjórðungsþing Vestfirðinga lýsir miklum áhyggjum af þreföldum sértækum Vestfjarðasköttum sem boðaðir er í fjármálaáætlun ríkisins.

Tvöföldun veiðigjalds, hækkun fiskeldisgjalds og sérstakur skattur á skemmtiferðaskip munu eins og þau eru lögð upp hafa gríðarleg áhrif til hins verra á auðlindadrifð útflutningshagkerfi Vestfjarða. Þessir þættir, auk kílómetragjalds, kolefnisgjalds og óvissu í tengslum við flug til Ísafjarðar eru til þess fallnir að draga úr samkeppnishæfni atvinnulífs og sveitarfélaga á Vestfjörðum.

70. Fjórðungsþing að vori hvetur stjórnvöld til að endurskoða þessi áform og draga þannig úr þeirri óvissu sem framlögð fjármálaáætlun hefur skapað á Vestfjörðum. Boðaðar mótvægisáðgerðir eru enn óútfærðar og fyrirsjáanleiki að auknum tekjum ríkisins verði ráðstafað í uppbyggingu í þágu Vestfirðinga ekki til staðar

Hinsvegar ályktun 70. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti frá 17. september s.l..

70. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið í Félagsheimilinu Hnífsdal 16. og 17. september 2025, ályktar um mikilvægi þess að Vestfirðir verði áfram gullkista Íslands.

Fjórðungsþing fagnar þeirri innviðaupbyggingu sem þegar hefur verið ráðist í, framkvæmdum sem eru nú í gangi og fyrirheitum sem ríkisstjórnin hefur gefið um aukið fé til vegamála og viðhalds. Samfélagið nýtur góðs af, en einnig ferðaþjónustan, og þar með eykst geta Íslands til að taka á móti ferðamönnum með sómasamlegum og arðbærum

hætti. Aukin vetrarþjónusta og bætt fjarskipti á vegum á Vestfjörðum eru forgangsmál sem tafarlaust þarf að ráðast í til þess að auka öryggi og áreiðanleika.

Stærsta einstaka hagsmunamál Vestfirðinga að því undanskildu er að framkvæmdir við Hvalárvirkjun fari af stað og gangi vel. Með því eykst raforkuöryggi og afhendingargeta kerfisins sem hefur bein og óbein áhrif á íbúa og atvinnulíf. Hvalárvirkjun og tengingar vegna hennar eru fljótlegasta og skynsamlegasta leiðin til að hægt verði standa við markmið stjórnvalda um tvítengingu landshlutans eigi síðar en 2030. Ríkið þarf að standa við sinn hluta til að af virkjun Hvalár geti orðið með uppbyggingu vega og fjarskipta. Með uppbyggingu tengivirkis í innanverðu Ísafjarðardjúpi opnast fyrir aðrar virkjanir sem er í nýtingarflokki eða eru á leið í nýtingarflokk. Fjórðungsþing bendir á að Hvalárvirkjun er þjóðhagslega hagkvæm og eykur áfallaþol landsins alls.

Fjórðungsþing lýsir yfir áhyggjum af því að útflutningsdrifið hagkerfi Vestfjarða laskist ef:

- *Innviðagjöld á skemmtiferðaskip verði ekki lækkuð í samræmi við orð ráðherra fyrr í ár.*
- *Veiðigjöld eru hækkuð nú þegar raungengi er hátt og þorskaflí dregst saman og óvissa um 5,3% aflaheimilda svokallað byggðakerfi.*

Vestfirðir hafa alla tíð verið gullkista Íslands, og við þurfum að standa saman til að svo verði áfram.

Fulltrúar Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfirðastofu óska síðan eftir fundi með fjárlaganefnd til að ræða efni umsagnar og ályktana 70. Fjórðungsþings Vestfirðinga.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga
Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaðróunar

Viðauki

ályktanir 70. Fjórðungsþings Vestfirðinga að vori þann 2. apríl s.l.

Þingskjal 9, Ályktun - Þrenna sértækra Vestfirðaskatta

ályktanir 70. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti þann 16. og 17. september s.l..

Þingskjal 18, Ályktun stjórnar, Vestfirðir áfram gullkista

Þingskjal 19, Ályktun um forgangsöröðun samgönguverkefna á Vestfjörðum

Þingskjal 20, Ályktun um vetrarþjónustu Vegagerðarinnar í Strandabyggð

Þingskjal 21, Ályktun um stöðu fjarskiptamála á Vestfjörðum

Þingskjal 23, Ályktun um aukið samstarf í fræðuslumálum á Vestfjörðum

Þingskjal 24, Ályktun um kræklingarækt

Þingskjal 25, Ályktun um setningu laga um lagareldi

Þingskjal 26, Ályktun um byggðakvóta

Þingskjal 27, Ályktun um innviðagjöld

Þingskjal 28, Ályktun um fyrirhugaðar breytingar á eftirliti með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvæla